

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2019



Inngangur

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna í landinu. Svæði HNV er víðfeðmt en það nær frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og síðan alla leið suður á Hveravelli. Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa með sér nána samvinnu og farið er í sameiginleg verkefni og eftirlit á milli starfssvæða. Á árinu 2019 fór t.d. Sigurjón Þórðarson í eftirlit í matvælafyrirtæki á Norðurlandi eystra í fylgd heilbrigðisfulltrúa á Norðurlandi eystra sem endurgalt heimsóknina.

Hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins er annars vegar einkum að sinna eftirliti með starfsleyfis skyldri starfsemi og hins vegar stjórnýsla sem felur í sér lögbundnar umsagnir, m.a. um leyfisveitingar sýslumanna og skipulagsyfirvalda.

I. Almenn

Líkt og í ársskýrslu 2018 er fjallað um breytingar á regluverki sem snýr að heilbrigðiseftirliti í nafni einföldunar. Hafist var handa við umræddar breytingar með því að opna á að í stað þess að fyrirtæki sæktu um starfsleyfi yrði fullgilt að skrá starfsemi inn í miðlægan gagnagrunn hjá Umhverfisstofnun. Í kjölfar skráningar átti að verða heimilt að hefja starfsemi áður en úttekt heilbrigðiseftirlits færi fram. Grundvöllur skráningar var að starfsemin uppfyllti kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi í reglugerðum. Markmið með breytingunni var eins og að framan greinir að einfalda leyfisveitingaferlið fyrir hollustuhátta- og mengandi fyrirtæki, en dæmi um hollustuháttafyrirtæki er t.d. sundlaugar og leikskólar.

Í nafni einföldunar var einn og sami starfsleyfisferill settur upp fyrir mengandi starfsemi, samkvæmt reglugerð 550/2018, fyrir stóriðju og bifreiðaverkstæði inni á skipulögðu athafnasvæði. Ekki hefur enn verið sett skráningarreglugerð fyrir einfaldari starfsemi sem hefur leitt af sér að öll fyrirtæki eru meira og minna starfsleyfis skyld.

Heilbrigðiseftirlitin sitja því uppi með mun þyngri leyfisveitingaferil en áður en hafist var handa við breytingar í nafni einföldunar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að heilbrigðiseftirlitin höfðu áður svigrúm til þess að ákveða hvaða fyrirtæki þyrfti að auglýsa og gefa almenningi þannig kost á að gera

athugasemdir í kjölfarið. Það gefur augaleið að ekki er mikil þörf á að auglýsa starfsleyfisskilyrði fyrir reykhus á sveitabæ í dreifbýli en rík ástæða getur verið að auglýsa eftir athugasemdum við starfsleyfi fyrir umfangsmikla kjötreykingu sem staðsett er í útjaðri á skipulögðu athafnasvæði í þéttbýli.

Nú þarf að setja tvær til þrjár tilkynningar á heimasíðu heilbrigðiseftirlits og ef vel ætti að vera að skrifa greinargerð með útgáfu starfsleyfa mengandi fyrirtækja. Vafamál er að aukinn fjöldi auglýsing á starfsleyfisskilyrðum smárra sem stærri fyrirtækja á vefsíðu heilbrigðieftirlita skili sér í að tryggja aðkomu almennings að umhverfismálum. Jafnvel má ætla að breytingin hafi snúist upp í andhverfu sína, þ.e. að kynning á leyfum sem eiga sannarlega erindi við almenning týnist innan um fjölda lítilla mála sem eiga takmarkað erindi í kynningu

Vissulega var reglugerð um skráningarskyldu ætlað að fækka fyrirtækjum sem þyrftu að fara í framangreindan starfsleyfisferil samkvæmt reglugerð 550/2018. Nú bráðum þremur árum síðar er staðan sú að reglugerð um skráningu fyrirtækja hefur ekki verið sett og þau drög að reglugerð sem hafa verið kynnt eru líklegri til að flækja leyfisveitingaferil fyrirtækja enn frekar.

Drögin gera m.a. ráð fyrir að leyfisveiting fyrir gististaði verði með þrennum eða jafnvel með fernum hætti, það er:

- a) Starfsleyfisskyld og eftirlitsskyld – gististaðir með veitingarekstur.
- b) Skráningarskyld og eftirlitsskyld – gististaðir án veitinga.
- c) Hvorki starfsleyfis- né skráningarskyld en engu að síður eftirlitsskyld – starfsmannabúðir.
- d) Skráningarskyld hjá öðru stjórnvaldi og eftirlitsskyld – heimagisting er skráningarskyld hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Þeir sem þekkja sæmilega vel til í málaflokknum vita að ekki eru alltaf skörp skil á milli ofangreindra flokka, t.d. getur veitingasala verið hluta úr ári á minni hótelum eða verið með takmörkuðu sniði þannig að skilin á milli flokka a og b eru ekki ávallt skörp. Hið sama á við um heimagistingu og minni gististaði. Reynslan sýnir að gera hefur þurft athugasemdir við aðstæður í starfsmannabúðum fyrir einkum erlent farandverkafólk og því kemur á óvart að stjórnvöld boði að ekkert utan umhald verði um starfsemina ef frá er talið tilviljunarkennt eftirlit.

Áformin eru sama marki brennd og ýmsar fyrri breytingar á síðustu árum sem gerðar hafa verið í nafni einföldunar og aukinnar skilvirkni. Það sem átti að verða til hagræðis og einföldunar hefur í of mörgum tilvikum snúist upp í andhverfu sína.

Má þar nefna breytingar sem gerðar voru fyrir nokkrum árum á ýmsum lögum sem tengjast fiskeldi. Þær fólu í sér að öll leyfisútgáfa með stóru sem smáu fiskeldi fluttist alfarið til Umhverfisstofnunar, en áður hafði leyfisveiting minnstu fyrirtækjanna verið hjá heilbrigðiseftirliti. Með breytingunum voru öll starfsleyfi með fiskeldi á landinu á einni hendi og til enn frekari einföldunar var eftirlitinu að einhverju leyti vísað til Matvælastofnunar.

Afleiðing af þessari „miklu hagræðingu“ varð t.d. sú að eftirlitsgjald með fiskeldi á sveitabæ í Skagafirði hækkaði úr 22.400 krónum í 187.000 krónur. Í framhaldi af þessari „miklu hagræðingaraðgerð í þágu atvinnulífsins“ hættu bændurnir tilraunaeldi á nokkur hundruð bleikjum.

Heilbrigðisnefnd og rekstur

Í 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er ákvæði um heilbrigðisnefndir:

Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu.

Á árinu 2019 voru haldnir níu stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Samþykkt voru 94 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Skipan heilbrigðisnefndar á árinu 2019:

Ari Jóhann Sigurðsson, Skagafirði, formaður.

Ína Björk Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, varaformaður.

Margrét Eva Ásgeirsdóttir, Skagafirði.

Konráð K. Baldvinsson, Fjallabyggð.

Lee Ann Maginnis, A.-Húnavatnssýslu.

Guðný Helga Kristjánsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.



Ari Jóhann Sigurðsson var kjörinn formaður heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi á aðalfundi SHÍ þann 22. október 2019.

Niðurstaða reksturs Heilbrigðiseftirlitsins var jákvæður upp á kr. 3.757.000 á árinu 2019.

Ari Jóhann Sigurðsson formaður SHÍ.

II. Mengun

Olíumengun

Á árinu 2019 komu upp nokkur alvarleg tilvik þar sem olía lak í nokkru magni út í umhverfið. Fyrst ber að nefna að þann 24. júlí valt olíuflutningabifreið með tengivagni frá Olíudreifingu á Öxnadalshéiðinni. Bifreiðin var að flytja liðlega 30 þúsund lítra farm af gasolíu þegar óhappið varð og þúsundir lítrar af olíu fóru út í umhverfið. Þann 2. ágúst lak síðan nokkurt magn af olíu af tanki á sveitabæ eftir að



Olíuflutningabíll á Öxnadalsheiðinni í júlí 2019 .

olíuflutningabíll var nýbúinn að fylla á tankinn. Í kjölfar fækkunar olíubirgðastöðva á eftirlitssvæðinu hafa flutningar á olíu stóraukist á vegum sem væntanlega hefur aukið áhættu á óhöppum. Í framhaldi af slysinu á Öxnadalsheiði hefur eftirlitið lagt áherslu á að umhverfisyfirvöld vinni að áhættumati og bættri viðbragðsáætlun vegna aukinna olíuflutninga á vegunum. Lykillinn að því er að hafa yfirlit um hversu mikið magn af olíu er flutt yfir helstu fjallvegi og um jarðgöng. Óhöpp við flutninga á landi geta m.a. valdið mengun í vatnsbólum og laxveiðiám og spjöllum á náttúru Íslands.

Þessum eðlilegu óskum um mikilsverða upplýsingagjöf hefur verið misvel tekið af flutningsaðilum og er undirrituðum ljúft að þakka Skeljungu fyrir skjót og greinargóð svör.

Í lok nóvember kom upp grunur um að leki væri kominn að olíugeymi bensínstöðvar N1 á Hofsósi. Við fyrstu athugun gáfu rýrnunartölur stöðvarinnar ekki til kynna að neitt væri athugavert við tankinn en við nánari skoðun kom í ljós að tankurinn var lekur. Leki olíugeymirinn á Hofsósi, sem olli talsverðri mengun og óþægindum, var orðinn 31 árs. Í brottfallinni reglugerð nr. 35/1994 var að finna ákvæði um 25 ára hámarksaldur niðurgrafinna olíugeyma. Hægt var að teygja umrædd aldursmörk upp í 30 ár undir ákveðnum kringumstæðum. Í nýlegri reglugerð 884/2017 voru öll aldursmörk felld í burtu en í staðinn gerð krafa um að olíugeymar yrðu þykktarmældir á 10 ára fresti.



Sigríður Hjaltadóttir á Hofsósi við athugun á olíumengun.


Það er því ljóst að ef ákvæðum brottföllnu reglugerðarinnar hefði verið fylgt hefði verið komist hjá mengun jarðvegsins. Leki olútankurinn á Hofsósi var þykktarmældur í júní 2019 og samkvæmt þeirri úttekt taldist hann uppfylla kröfur til þess að vera annan áratug til viðbótar, niðurgrafinn í jörðu! Leki tankurinn stóðst einnig lekaprófun með þrýstilofti í desember 2019 þannig að þær mæliaðferðir sem notaðar voru við mælingarnar eru bersýnilega óáreiðanlegar.

Olíulekinn á Hofsósi er því miður ekki fordæmalaus atburður, heldur þriðja dæmið á Norðurlandi vestra á síðustu árum um að gamall niðurgrafinn olíugeymir leki.

Fráveita og örplast

Árið 2013 setti þáverandi umhverfisráðherra af stað vinnu við endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 með því fororði að hraða ætti þeirri vinnu. Af ýmsum ástæðum dróst sú endurskoðun á langinn en lauk á endanum, snemma á árinu 2018. Engu að síður er ekki enn búið að gefa endurskoðaða reglugerð út og eru því sveitarfélögin enn í óvissu um hvaða kröfur verða gerðar til fráveitna á næstu árum.

Sú ástæða sem nefnd hefur verið til sögunnar sem helsta ástæða frestunar á útgáfu nýrrar reglugerðar frá því að endurskoðunarvinnu lauk árið 2018 er að ekki hafi verið teknar með í reikninginn aðgerðir gegn mengun af völdum örplasts.



Plast í náttúrunni.

Upplýsandi skýrsla Biopol á Skagaströnd um örplast.

Skýrsla frá Biopol frá í september 2019, Örplast í hafinu við Ísland, greinir frá uppruna örplastsins. Samkvæmt skýrslunni má rekja um 80% af allri losun örplasts til bílaumferðar og þá sérstaklega vegna slits á dekkjum. Það er því ástæðulítið að láta útgáfu reglugerðar um kröfur til fráveitna húsa og atvinnustarfsemi bíða vegna mögulegra aðgerða vegna örplasts sem einkum er að finna í ofanvatni sem skolast af umferðargötum. Það á sérstaklega við þá þætti sem snúa að því skýra út hvað teljist viðunandi hreinsun í fámennari sveitarfélögum.

Sláturhús

Nokkur umræða og frétttaflutningur var um fráveitumál sláturhúsa á Norðurlandi vestra og einkum KVH á Hvammstanga. Af fréttum mátti ætla að mörg hundruð og jafnvel þúsundir máva væru að flögra í kringum útrásarop sláturhússins sem út úr streymdi þykk kjötsúpa frá.

Niðurstaða eftirlits og ljósmyndir úr eftirlitsferðum heilbrigðiseftirlitsins haustið 2019 gáfu til kynna að ástandið væri mun skárra og fuglar færri en fréttir gáfu til kynna. Hreinsibúnaður er á fráveituvatni sláturhússins og gefa mengunarmælingar til kynna að hann sé að gera verulegt gagn.

Það segir ákveðna sögu um mikilvægi viðtaka og nágreinni mengandi starfsemi að kvartanir vegna ástands fráveitumála sláturhúsa á Norðurlandi vestra er í öfugu samhengi við hreinsun fráveituvatnsins. Kvartanir voru háværestar vegna sláturhússins á Hvammstanga þar sem hreinsunin er hvað best. Stafar það af því að fráveitulögn opnast á stað sem blasir við á fjölfarinni leið og er sömuleiðis í nábýli við æðarrækt.

Sláturhúsin hafa verið að þróa leiðir til þess að hreinsa fráveituvatn og hefur tekist þokkalega vel til, en enn má gera betur.

Loftmengun

Lykt er óhjákvæmilegur fylgifiskur fiskþurrkunar og ef vel tekst til við verkun er það einkum lykt af köfnunarefnis- eða amínsamböndum sem berst að vitum fólks. Flestum Íslendingum finnst sú lykt vel þolanleg, en hún er af svipuðum meiði og sæt lykt af harðfiski. Þess ber að geta að smekkur fólks er misjafn. Það sem einum finnst illa þefjandi fýla verða aðrir ekki varir við. Eitt besta dæmið um það er að lyktin af heita vatninu víða á Íslandi fer mjög fyrir brjóstið á sumum ferðamönnum á meðan landinn finnur ekki umrædda lykt.

Ef illa tekst til við verkun berst frá fiskþurrkun súr og illur daunn af rotnandi fiski. Einkum er um að ræða óþef vegna brennisteinsefnasambanda, frá vexti örvera sem brjóta niður fiskholdið.



Ljósmynd tekin á Hofsósi sem sýnir loftmengun frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki í október 2019.

Kvartanir bárust í nokkrum mæli frá Ólafsfirði á fyrri hluta ársins vegna ólyktar frá fiskþurrkunarfyrirtæki og var þá gerð skynmatsathugun á vegum Fjallabyggðar. Gerðar voru endurbætur á mengunarvörnum fyrirtækisins síðsumars og frá því að þær komust í gagnið hefur ekki borist kvörtun vegna lyktar og svo virðist vera sem þokkaleg sátt hafi orðið um starfsemina.

Kvartanir hafa borist vegna reyks frá litlum brennsluofnum sem staðsettir eru í nágrenni við sláturhús sem notaðir eru til að brenna áhættuvefi. Þau mál hafa verið leyst með því að flytja brennsluofnana til og að kveikja ekki upp í þeim við ákveðin veðurskilyrði. Sömu leiðis bárust ábendingar og kvartanir undan loftmengun frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki og vísaði eftirlitið þeim kvörtunum til Umhverfisstofnunar sem fer með eftirlit með fyrirtækinu.

Hreinsunaráttök og vöktun

Farið var í átakið að hreinsa lóðir á Skagaströnd haustið 2019. Átakið var unnið í samvinnu við Sveitarfélagið Skagaströnd sem sá um að fjarlægja bíla, járnarusl og fleira.

Mikilvægt er að koma þeim skilaboðum betur út í íslenskt samfélag að hreinsanir á lóðum, númerslausum bílum og járnarusli er í þágu samfélagsins, þ.e. að halda umhverfi, grunnvatni, lækjum og vötnum auk byggðarlögum ómengduðum og sæmilega snyrtilegum. Þeirra sjónmarmiða gætir of oft að verið sé að ganga á einhvern heilagan rétt manna til að safna verðmætum inn á íbúðarlóðir.



„Verðmæti“ á lóð við íbúðarhús,

Númerslausir bílar sem skildir eru eftir á víðavangi geta verið talsverð fyrirhöfn og fjárútgjöld fyrir heilbrigðiseftirlitið. Dæmi voru um að bílar væru skildir eftir á víðavangi, m.a. ofan í tjörn á Holtavörðuheiði. Það getur tekið tíma að hafa uppi á eigendum sem eru misáhugasamir um að greiða úr málum. Fram að þessu hefur Vegagerð ríkisins séð um að fjarlægja lausamuni, þar á meðal bifreiðar af veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar

Afskipti eftirlitsins af söfnurum á bílhræjum og járnarusli mættu skila meiri árangri. Dæmi eru um að fækkun á bílhræjum og tiltekt á ákveðnum lóðum hafi gengið til baka í verra horf á örfáum árum. Þetta vandamál er víðar á landinu og velþekktir eru hraukar af bílhræjum á fallegum stöðum á landinu. Það er tímabært að Umhverfisstofnun, sveitarfélög og heilbrigðiseftirlitin taki þessi mál til frekari umræðu um að skerpa á reglum og verklagi við að koma málum í betra horf.

Vöktun

Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um vöktun fyrir mengunarmælingar á urðunarstaðnum Stekkjarvík og nokkrum aflögðum urðunarstöðum á svæðinu, þ.e. á Blönduósi, Hvammstanga, Sauðárkróki og Skagaströnd. Hér fer fram talsverð gagnaöflun sem kjörið er að vinna meira með og miðla betur til almennings.

III. Matvæli

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með fjölmörgum veitingahúsum, mótuneytum, félagsheimilum, vatnsveitum og nokkrum matvælaframleiðendum, m.a. bakaríum og framleiðendum fæðubótarefna. Matvælastofnun hefur hins vegar beint eftirlit með fiskvinnslum, sláturhúsum og mjólkurstöðvum. Þessi verkaskipting er skýr en það er helst að túlkunaratriði geti verið um hvoru megin eftirlit með smáframleiðendum til sveita eigi heima.

Heilbrigðiseftirlitið hefur notað Filemaker-gagnagrunn til að halda utan um eftirlit með öllum fyrirtækjum burt séð frá því hvort um sé að ræða fyrirtæki sem flokkast sem hollustuhátta- (m.a. leikskólar), mengunar- eða matvælafyrirtæki. Það hefur verið talsverður þrýstingur frá Matvælastofnun að heilbrigðiseftirlitið taki upp sérhæfða matvælaeftirlitsforritið Ísleyf til samræmingar. Þessi sjónarmið eru skiljanleg út frá sjónarhóli MAST en eru ekki praktísk út frá sjónarhóli heilbrigðiseftirlitsins, þ.e. að færa t.d. sérstaklega eftirlit með eldhúsi leikskólans í Varmahlíð inn í sérstakan gagnagrunn á meðan aðrir þættir, sbr. öryggi leiktækja, hljóðvist og þrif, fara inn í annan gagnagrunn þar sem eftirlitsgrunnur Ísleyfs nær eingöngu til matvælaþáttar fyrirtækja og stofnana.

Á hitt ber einnig að líta að enn sem komið er eru þeir með gátlista sem eru til staðar í sérhæfða matvælagagnagrunninum Ísleyfi sem er hannaður einkum með eftirlit í stórum matvælafyrirtækjum í huga. Umræddir gátlistar eiga lítið erindi inn í lítil móttökueldhús í félagsheimilum eða í eldhús leikskóla.

Almennt er ástand gott á þeim þáttum sem skipta mestu máli í matvælafyrirtækjum, meðferð matvæla og hreinlæti, en það er helst að athugasemdir séu gerðar við formlegt innra eftirlit, þ.e. skráningu á innra eftirliti.

Ýmislegt í regluverkinu, m.a. það sem snýr að merkingum matvæla, s.s. ofnæmisvöldum og leyfilegum heilsufullyrðingum fæðubótarefna, getur verið flókið og hefur Heilbrigðiseftirlitið á Norðurlandi vestra notið liðsinnis góðra sérfræðinga bæði Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Á árinu 2018 var matvælalögum breytt á þá leið að skylt er að birta eftirlitsskýrslur og frammistöðuflokka matvælafyrirtækja, en skylt er að koma á frammistöðuflokkun fyrir 1. janúar 2021. Almennt er ástand gott í fyrirtækjunum, eins og að framan greinir og það á að vera hlutverk eftirlitsins að tryggja að svo sé. Það er því umhugsunarvert ef eftirlitið á að gefa matvælafyrirtækjum frammistöðu einkunn umfram það að hlutirnir séu í góðu lagi, þ.e. að opinbert eftirlit sé þá komið í að gera gæða- eða jafnvel fegurðarmat á matvælafyrirtækjum.

Áhættumat lítilla vatnsveitna

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur tekið þátt í verkefni ásamt; heilbrigðiseftirlitum Suðurlands og Kjósarsvæðis, Verkfræðideild Háskóla Íslands og Háskólanum í Surrey í Bretlandi, í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, sem felur í sér að þróa áhættumatskerfi fyrir minni vatnsveitur. Verkefnið snýst um að aðlaga og staðfæra áhættumat lítilla vatnsveitna og prófa matið á þremur eftirlitssvæðum. Tekin voru m.a. sýni og gerðar mælingar á saurgerla- og áburðarmengun í neysluvatni.

Heilbrigðiseftirlitið er byrjað að nýta sér afrakstur þessarar vinnu við utanumhald á gögnum um vatnsveitur á Norðurlandi vestra, en skapalón fyrir áhættumatið er komið inn í Filemaker-grunninn sem HNV notar við eftirlit og gangasöfnum.



Borhola sem skoðuð var í vinnu við samræmt áhættumat.

Heimaslátrun


Heilbrigðiseftirlitinu barst ábending frá Matvælastofnun um að verið væri að selja heimaslátrað kjöt á netinu og var brugðist við með því að senda viðkomandi tilmæli um að fara að lögum. Heimaslátrun er lögleg til eigin neyslu en sala er óheimil. Umfangsmikil heimaslátrun er áhyggjuefni og ekki einungis út frá öryggi matvæla heldur ekki síður út frá meðferð úrgangs. Sett var af stað ákveðin vinna í að áætla magn og meðferð úrgangs sem fellur til við heimaslátrun, en það er ljóst að úrgangur í gámum gefur til kynna að talsvert sé um sölu og heimavinnslu á kjöti.



sláturúrgangur í gámi fyrir heimilisúrgang.

IV. Hollustuhættir

Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með þrifum og öryggismálum í skólum, þrifnaði á gististöðum og salernum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almennum þrifum og sótthreinsun sundlaugavatns, fótaaðgerða-, húðflú- og tannlæknastofum auk stofnana sem almenningur sækir þjónustu til, s.s. heilbrigðisstofnana.



Á liðnum árum hefur aðbúnaður í starfsmannabústöðum sem einkum hafa verið nýttir af erlendu verkafólki í sláurtíð batnað til mikilla muna en heilbrigðiseftirlitið hefur lagt áherslu á þann þátt á liðnum árum.

Mygla og handþvottur

Á árinu 2019 hélt áfram umræða um áhrif myglu á húsnæði og áfram eitthvað um að óskað væri eftir skoðun á húsnæði vegna myglu. Yfirleitt er húsnæðið gott, en umræðan og áhyggjur almennings endurspeglar oft og tíðum ekki raunverulega stöðu. Þar sem myglugró hafa greinst í einhverjum mæli



Hér má sjá handlaug á leikskóla þar sem er aðeins eitt handklæði fyrir börnin.

hefur orsökina ekki síður verið léleg útloftun þar sem mikil vatnsgufa er í húsnæði, s.s. á baðherbergjum og þar sem gluggar eru ekki opnaðir.

Tilhneiging foreldra ungra barna er eðlilega að leita skýringa á veikindum barna til myglu þar sem hún er ofarlega á baugi í umræðunni, en eflaust mætti beina sjónum víðar, m.a. að handþvotti barna. Mikilvægt er að hafa í huga að börn á leikskólum og dagheimilum eru tvisvar til sjö sinnum oftari veik en börn sem eru heima hjá sér. Börn á aldrinum hálfis árs til tveggja ára eru veik að meðaltali 24 daga á ári. Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að með betri handþvotti á leikskólum væri hægt að fækka sjúkdómstilfellum um 34%. Einnig má leggja áherslu á við foreldra að þvo börnin sín um hendur þegar komið er heim úr leikskóla.

Yfirleitt er vel staðið að handþvotti á leikskólum en dæmi voru um að eitt handklæði væri til afnota fyrir fjölda barna og þegar gerðar voru athugasemdir við þá ráðstöfun var gjarnan svarið að um væri að ræða vistvænna skóla sem vildi

forðast einnota handþurrkur. Þessi sjónamið eru víðast hvar sameinuð með því að hvert og eitt barn noti sína margnota handþurrku. Hægt er að setja upp þvottavél fyrir handþurrkur og leikföng sem mega fara í þvottavél á hvern leikskóla og hver deildarstjóri eða leiksskólalastjóri séð um að þvo á sinni deild eða leikskóla eftir stærð.

Rafrettur

Sett voru lög á árinu 2018 um rafrettur sem tóku gildi 1. mars 2019 en samkvæmt þeim hefur heilbrigðiseftirlitið ekkert hlutverk hvað varðar eftirlit og að framfylgja lögnum. Það er alfarið á hendi Neytendastofu. Er þetta dæmi um flækjustig við eftirlit á Íslandi. Það er ólíkt lögum um tóbaksvarnir þar sem heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með framfylgd þeirra. Heilbrigðiseftirlitið fékk nokkrar kvartanir á árinu 2019 vegna rafrettna, m.a. að verið væri að reykja á íþróttavöllum, skólalóðum og jafnvel veitingahúsum.

Lokaorð

Í lokin er rétt að þakka rekstraraðilum fyrirtækja á Norðurlandi vestra fyrir afar góðar móttökur heilbrigðisfulltrúa í eftirliti á árinu 2019.

Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri.

Mars 2020